Ed. **920. Frumvarp til laga** [124. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 frá 20. apríl 1968.

(Eftir 2. umr. í Ed. 5. maí.)

1. gr.

Á eftir 50. gr. laganna komi ný grein, sem verði 50. gr. a, svo hljóðandi:

Óheimilt er að efna til aksturs íþrótta án leyfis lögreglustjóra og viðkomandi sveitarstjórnar. Ef slík íþrótt er háð á vegum utan kaupstaða og kauptúna skal koma til samþykki vegamálastjóra. Aksturs íþrótt, sem felur í sér keppni í ökuhraða, er óheimil án leyfis dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um aksturs íþróttir. Í þeim reglum er heimilt að víkja frá hámarkshraða samkvæmt 50. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.